

HVERFISRÁÐ BREIÐHOLTS

Ár 2017, þriðjudaginn 21. nóvember, var haldinn 145. fundur hverfisráðs Breiðholts. Fundurinn var haldinn í G-sal í Gerðubergi og hófst kl. 16.35. Viðstödd voru Nichole Leigh Mosty, Sigbór K. Ágústsson og Aðalheiður Frantzdóttir. Einnig voru mættir Sveinn Hjörtur Guðfinnsson áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina, Óskar Dýrmundur Ólafsson hverfisstjóri og Arnar Snæberg Jónsson verkefnastjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um fjölskyldumiðstöð í Gerðubergi.

Hverfisráð Breiðholts leggur fram svohljóðandi tillögu:

Hverfisráð Breiðholts samþykkir að skipa undirnefnd sem hefur það hlutverk að fjalla um fjölskyldumiðstöð í Breiðholti með það að markmiði að leggja fram tillögur um þróun fjölskyldumiðstöðvar. Nefndin hefji störf 1. janúar 2018 og ljúki störfum 1. maí sama ár. Til grundvallar liggur það starf sem unnið hefur verið í Gerðubergi í samstarfi við leikskóla og aðrar stofnanir sem byggir á samþykktum borgaryfirvalda um Bergin í Breiðholti, Blíða byrjun, Miðjuna og fjölskyldumiðstöð. Tillögur nefndarinnar verða lagðar fyrir borgaryfirvöld að vinnu lokinni.

Samþykkt.

2. Fram fer umræða um tillögur sem bárust frá íbúum um hverfishetju Breiðholts.
3. Áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Er íbúakjarni við Rangársel ætlaður til öryggisvistunar? Eru sakamenn og/eða ósakhæfir einstaklingar vistaðir þar? Hefur húsnæðið verið tekið út með tilliti til þess að öryggi starfsmanna og íbúa sé tryggt? Hvernig tryggir Reykjavíkurborg öryggi íbúa í kjarnanum og næsta nágrenni hans?

Samþykkt að sviðsstjóri velferðarsviðs eða fulltrúi hans verði boðaður á næsta fund hverfisráðs til að svara ofangreindri fyrirspurn.

4. Lögð fram til kynningar niðurstaða íbúakosninga í Hverfið mitt 2017.

Fundi slitið kl. 18.00.

Nichole Leigh Mosty

Aðalheiður Frantzdóttir

Sigbór K. Ágústsson